

Umhverfissráð - 344 (20.11.2020) - Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 breyting vegna deiliskipulags Birkiflatar í Skíðadal

Málsnúmer : 202011089

Málsaðili : Umhverfis- og tæknisvið

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 20.11.2020

Inngangur : Tekið fyrir erindi dags. 8.9.2020 frá Eflu verkfræðistofu f.h. landeiganda Birkiflatar í landi Kónsstaða þar sem sótt er um breytingu á aðalskipulagi þannig að svæði 629-F fyrir frístundabyggð verði stækkað til suðurs og að þar verði heimilt að byggja 8 frístundahús. Lagt er fram breytingablað aðalskipulags dags. 17.11.2020. Í breytingunni felst einnig leiðrétting á ákvæðum um svæðið til samræmis við önnur svæði fyrir frístundabyggð.

Niðurstaða : Þar sem breytingin er óveruleg leggur umhverfissráð til að farið verði með hana skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umhverfissráð leggur til að breytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og staðfestingar. Niðurstaða sveitarstjórnar verði auglýst. Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum